

Úrskurður sáttanefndar skal vera skriflegur og undirritaður af nefndarmönnum.
Sáttanefndin ákveður sjálf starfsreglur sínar að öðru leyti.
Norðræna ráðherranefndin ákveður þóknun sáttanefndar eftir tillögu frá sáttanefndinni.
Sáttanefndin ákveður skiptingu kostnaðar af sáttameðferðinni milli deiluaðila.

8. gr.

Ráðherranefndin getur ákveðið að samningurinn gildi einnig fyrir stofnanir sem ekki eru fjármagnaðar af norðrænu fjárlögum en eru fjármagnaðar á annan samnorranan opinberan hátt.

Ráðherranefndin getur ákveðið að ákvæðin í þessum samningi verði aðeins notuð að hluta við ákveðna stofnun.

9. gr.

Samningur þessi öðlast gildi 30 dögum eftir þann dag er allir samningsaðilar hafa tilkynnt norska utanríkisráðuneytinu að hann hafi verið samþykktur.

Norska utanríkisráðuneytið tilkynnir öðrum samningsaðilum um móttöku þessara tilkynninga og um þann dag er samningurinn öðlast gildi.

Við gildistöku samnings þessa fellur úr gildi samningur frá 31. janúar 1974 milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um réttarstöðu starfsfólks við samnorranar stofnanir.

10. gr.

Samningsaðili getur sagt samningnum upp með skriflegri tilkynningu þess efnis til norska utanríkisráðuneytisins sem tilkynnir þá öðrum samningsaðilum um móttöku slíkrar tilkynningar og um efni hennar.

Uppsögn tekur aðeins til þess aðila sem að uppsögninni stendur og tekur gildi sex mánuðum eftir að norska utanríkisráðuneytinu barst tilkynning um uppsögnina.

11. gr.

Frumrit samnings þessa skal varðveitt í norska utanríkisráðuneytinu sem sendir öðrum samningsaðilum staðfest afrit af því.

Þessu til staðfestu hafa fulltrúar, sem til þess höfðu fullt umboð, undirritað samning þennan.

Gjört í Stokkhólmi hinn 9. desember 1988 í einu eintaki á dönsku, finnsku, íslensku, norsku og sænsku, og skulu allir textar jafngildir.

AUGLÝSING

um breytingu á samningi við Bandaríkin um fiskveiðar undan ströndum Bandaríkjanna.

Með orðsendingaskiptum í Reykjavík 23. nóvember 1988 og 17. janúar 1989 var gengið frá breytingum á samningi frá 21. september 1984 milli Íslands og Bandaríkjanna um fiskveiðar undan ströndum Bandaríkjanna, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 16/1984 þar sem samningurinn er birtur. Breytingarnar öðluðust gildi 25. júlí 1989.

Breytingarnar eru birtar sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.
Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 11. september 1989.

Jón Baldvin Hannibalsson.

Hannes Hafstein.

BREYTINGAR

1. Í stað orðanna „bandaríks fisks eða fiskafurða“ í 1. tl. 4. gr. komi „bæði bandaríks fisks og fiskafurða, sérstaklega fisks og fiskafurða sem erlenda ríkið hefur sótt um úthlutun á,“.

2. Í stað núverandi orðalags 2. tl. 4. gr. komi: „hvort og að hve miklu leyti þessi þjóð hafi samstarf við Bandaríkin bæði um að efla möguleika í útflutningi fisks frá Bandaríkjunum sem fyrir hendi eru, svo og að bæta við nýjum, með kaupum á fiskafurðum frá bandarískum framleiðendum og um að auka fiskviðskipti með kaupum á fiski og fiskafurðum af bandarískum fiskimönnum, sérstaklega fiski og fiskafurðum sem erlenda ríkið hefur sótt um úthlutun á;“.

3. Á undan lokasetningu 7. gr. komi: „Án þess að um verði að ræða mismunun að því er varðar ákvörðun þóknunarinnar, má upphæð hennar vera mismunandi eftir því, til dæmis, hvort að mati Bandaríkjanna skip eða ríkisborgarar lýðveldisins Íslands veiða óviðunandi magn úr stofnum sem leita aftur upp í ár og upprunnar eru í Bandaríkjunum eða hvort lýðveldið Ísland gerir ekki nægilegar ráðstafanir til að vernda og efla bandaríska fiskstofna.“

4. Á eftir orðunum „sérefnahagslögsögu Bandaríkjanna“ komi „og nokkurt sjávarspendýr á úthafinu sem upprunnið er í Bandaríkjunum, svo sem eyraseli (loðseli) frá Norður-Kyrrahafi,“.

5. Í stað „1. júlí 1989“ komi „1. júlí 1991“.

AMENDMENTS

1. In Article IV, paragraph 1, replace the phrase “of United States fish or fishery products” with “of both United States fish and fishery products, particularly fish and fishery products for which the foreign nation has requested an allocation;”

2. In Article IV, paragraph 2, replace the present text with the following: “Whether, and to what extent, such nation is cooperating with the United States in both the advancement of existing and new opportunities for fisheries exports from the United States through the purchase of fishery products from United States processors and the advancement of fisheries trade through the purchase of fish and fishery products from United States fishermen, particularly fish and fishery products for which the foreign nation has requested an allocation;”

3. In Article VII, before the final sentence, insert the following: “While such fees shall be applied without discrimination, the fee level may vary depending upon, inter alia, whether, in the judgment of the United States, vessels or nationals of the Republic of Iceland are harvesting United States origin anadromous species at unacceptable levels, or whether the Republic of Iceland is failing to take sufficient action to benefit the conservation and development of United States fisheries.”

4. In Article VIII, insert after the words “exclusive economic zone,” the phrase “and any marine mammal of U.S. origin, such as North Pacific fur seals, on the high seas,”.

5. In Article XVI, replace the date “July 1, 1989” with the date “July 1, 1991.”

AUGLÝSING

um Vínarsamning um vernd ósonlagsins og Montrealbókunar um efni sem valda rýrnun á ósónlaginu.

Hinn 29. ágúst 1989 var aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna afhent aðildarskjöl Íslands vegna Vínarsamnings um vernd ósonlagsins sem gerður var í Vín 22. mars 1985 og Montrealbókunar um efni sem valda rýrnun á ósónlaginu sem gerð var í Montreal 16. september 1987. Alþingi hafði með ályktun 18. maí 1989 heimilað ríkisstjórninni að staðfesta samninginn og bókunina.

Samningurinn og bókunin öðlast gildi 27. nóvember 1989 að því er Ísland varðar.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal 1 með auglýsingu þessari og bókunin sem fylgiskjal 2.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utánríkisráðuneytið, Reykjavík, 11. september 1989.

Jón Baldvin Hannibalsson.

Hannes Hafstein.